

Ed.

111. Frumvarp til laga

[82. mál]

um breyting á lögum nr. 44 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

Flm.: Bernharð Stefánsson.

1. gr.

Á milli 1. og 2. málsgr. 7. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Meðan upprekstrarfélög eða einstakar jarðir eru að einhverju leyti svipt aðgangi að beitolöndum sínum, skulu þeim heimil afnot annarra þeirra afréttarlanda, sem þau hafa til þessa haft afnot af, enda þótt lönd þessi liggi innan annars upprekstrar- eða sýslufélags, nema þau afnot komi í bága við nauðsynlegar sauðfjársjúkdómavarnir að dómi sauðfjársjúkdómanefndar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt í samráði við 2. þm. Eyf., Magnús Jónsson, og að beiðni hreppsnefndarinnar í Hrafnagilshreppi í Eyjafjarðarsýslu.

Svo stendur á, að bændur í Hrafnagilshreppi hafa um marga áratugi og senni-lega aldir rekið sauðfé sitt í Vestur-Bleiksmýrardal í Suður-Þingeyjarsýslu, og hefur dalurinn verið aðalafiréttarland þeirra, enda átti Hrafnagilskirkja það land, en nú Akureyrarkirkja, eftir að kirkjustaðurinn varð á Akureyri. Breytir það að sjálfsögðu engu um eignarréttinn, þó að umráð yfir afréttinum hafi verið tekin af sóknarprestinum á Akureyri og fengin hreppstjóra Hálsahrepps. Það ákvæði er hins vegar í fjárskilareglugerð Suður-Þingeyjarsýslu, að hreppsnefndum þar er heimilað að banna, að fé utansveitarmanna sé rekið á afrétti hlutaðeigandi hreppa í sýslunni. Hugðist hreppsnefnd Hálsahrepps beita þessu ákvæði gagnvart fé úr Hrafnagilshreppi, en þar í hreppi stendur svo á, að varnargirðingar í Eyjafirði, sem sauðfjársjúkdómanefnd telur enn nauðsynlegt að halda við, útiloka með öllu bændur í Hrafnagilshreppi að koma fé sínu til nokkurs afréttar í Eyjafirði eða vestar, heldur mundu þeir verða að sleppa því í heimahögum, sem eru litlir og ekki nothæfir nema fyrir örfáar kindur. Liggur því ekki annað fyrir en að hætta við alla sauðfjarrækt í Hrafnagilshreppi, ef ekki fæst leiðrétting í þessu efni með einhverju móti.

Út af þessum vandkvæðum sneri hreppsnefndin í Hrafnagilshreppi sér til sauðfjársjúkdómanefndar, og samkvæmt tillögu hennar kvað landbúnaðarráðuneytið upp þann úrskurð samkvæmt heimild í 43. gr. l. nr. 44 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, sbr. 7. gr. sömu l., að hreppsnefnd Hrafnagilshrepps skyldi heimilt að láta reka á afrétt í landi Akureyrarkirkju á Bleiksmýrardal sumarið 1953 allt að 1200 sauðfjár, þar í talin lömb. Nú hefur sauðfjársjúkdómanefnd látið það álit í ljós í bréfi 23. sept. s. l., að ekki muni verða hjá því komizt að viðhalda varnargirðingunum í Eyjafirði og hafa vörzlu með þeim að sumrinu næstu ár. Sömu ástæður eru því fyrir hendi eins og voru á s. l. vori, þegar landbúnaðarráðuneytið gaf út áðurgreindan úrskurð, og hin sama nauðsyn fyrir bændur í Hrafnagilshreppi að geta komið fé sínu á Bleiksmýrardal eins og þá var. Hins vegar mun ráðuneytið telja heimildirnar í 7. og 43. gr. í sauðfjársjúkdómalögum frá 1947 tæplega nógu ótvíræðar til þess, að það vilji endurnýja úrskurð sinn frá 20. maí s. l. fyrir næsta eða næstu ár. Í frv. þessu er því lagt til, að bændur, sem sviptir eru aðgangi að beiti- eða afréttarlöndum sínum vegna varnanna, skuli hafa ótvíræðan rétt til afnota annarra þeirra afréttarlanda, er þeir hafa haft afnot af til þessa, ef það kemur ekki í bága við nauðsynlegar sauðfjársjúkdómavarnir.

Að sjálfsögðu getur víðar staðið svipað á, þó að frumv. sé fram borið vegna ástæðna í einum hreppi sérstaklega.